

## REGLUGERÐ

### um lok úrgangsfasa.

#### 1. gr.

*Gildistaka tiltekinna gerða Evrópusambandsins.*

Eftirfarandi EES-gerðir skulu öðlast gildi hér á landi:

- a. Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 333/2011 frá 31. mars 2011 um viðmiðanir til að ákvarða hvenær tilteknar gerðir brotajárns hætta að vera úrgangur samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB, sem vísað er til í tölulið 32ffa, V. kafla, XX. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 138/2012 frá 13. júlí 2012. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 54 frá 27. september 2012 - 2012/EES/54/95 bls. 1272-1281.
- b. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1179/2012 frá 10. desember 2012 um viðmiðanir til að ákvarða hvenær glerbrot hætta að vera úrgangur samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB, sem vísað er til í tölulið 32ffb, V. kafla, XX. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 174/2013 frá 8. október 2013. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 56 frá 10. október 2013 - 2013/EES/56/53 bls. 795-800.

#### 2. gr.

*Innleiðing tiltekinna gerða Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er sett til innleiðingar á eftirfarandi gerðum:

- a. Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 333/2011 frá 31. mars 2011 um viðmiðanir til að ákvarða hvenær tilteknar gerðir brotajárns hætta að vera úrgangur samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB.
- b. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1179/2012 frá 10. desember 2012 um viðmiðanir til að ákvarða hvenær glerbrot hætta að vera úrgangur samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB.

#### 3. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett með stoð í i-lið 43. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, og öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 13. júní 2014.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Steinunn Fjóla Sigurðardóttir.*